



Stjórnarfundur UÍA

Haldinn á Egilsstöðum, miðvikudaginn 19.10.2022 kl: 17:06

Mætt eru Benedikt Jónsson formaður, Björgvin Stefán Pétursson, Gunnar Gassi Gunnarsson framkvæmdarstjóri, Guðjón Magnússon og Þórunn María Þorgrímsdóttir.

Dagskrá

- **Fundargerð síðasta funda**
- **Innsent erindi**
- **Verkefni framundan**
- **Benni fræðir okkur um fund UMFÍ sem fram fór á Höfn þann 15 okt**
- **Önnur mál**

Síðasta fundargerð samþykkt samhljóða

Innsent erindi

Erindi frá Alvari Loga Helgasyni um styrk vegna þátttöku á norðurlandamóti í kraftlyftingum með íslenska landsliðinu sem haldið var í Jönköping, Svíðþjóð þann 17. september. Ákveðið að styrkja hann um 80.000 krónur.

Erindi frá Dagbjörtu Kristinsdóttir um styrk fyrir hönd foreldra fjögurra drengja sem valdir voru til æfinga og keppni með landsliðum Íslands á Evrópumóti unglunga í hópfimleikum í Lúxemborg 12-18. september 2022. Ákveðið að styrkja hvern keppanda um 80.000 krónur.

Erindi frá Gunnari Einarssyni um styrk vegna fræðsluferðar til knattspyrnufélaga í Svíðþjóð. Ákveðið að styrkja hann um 50.000 krónur.

Verkefni framundan

Undibúningur er hafinn vegna útgáfu Snæfells, ritnefnd er klár og farin að viðræðum sér efni í blaðið.

Sambandsráðsfundur UMFÍ á Höfn 15. október

Benedikt Jónsson formaður fór á 44. sambandsráðsfund UMFÍ fyrir hönd UÍA í ár og fræddi stjórnina um málefni þingsins. Mikið var rætt um Covid og áhrifin sem það enn hefur á samfélagið þrátt fyrir að vera að mestu lokið. Rætt var einnig um sameiningu íþróttahéraða

á landinu en það mun ekki hafa áhrif á svæði ÚÍA. Næsta þing verður haldið að Reykjum í Hrutafirði í október 2023.

Önnur mál

TDO hjólakeppnin gekk vel, engin slys á fólki og lítið um bilanir hjá keppendum. Ágætis þátttaka en vonast er eftir fleiri keppendum á næsta ári þar sem nú er loksins orðið bundið slitlag allan minni hringinn. Umræða er komin í gang um mögulegar breytingar á næstu keppni, bæta jafnvel við styttri vegalengdum.

Opið er fyrir umsóknir í Sprett til 28.október, borist hafa nokkrar umsóknir.

Stefnt er að því að hafa næsta fund í byrjun desember.

Fundi slitið kl. 18:23

Fundargerð ritaði Þórunn María Þorgrímsdóttir